



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036

Á fundi velferðarráðs þann 15. apríl 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 21. apríl 2026, um samþykkt stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki drög að stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fullorðins fatlaðs fólks. Stefnan mun taka við af stefnu borgarinnar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024. Stefnan varðar fullorðið fatlað fólk og þjónustu sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Stefnan tekur mið af velferðarstefnu borgarinnar, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og regluverki borgarinnar. Jafnframt er lagt til að velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma í stefnunni.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Velferðarráð lagði fram málsmeðferðartillögu þess efnis að skilið verði á milli stefnu í málaflokki fatlaðs fólks og aðgerðaskjals með stefnunni og að um tvær tillögur verði að ræða.

Málsmeðferðartillagan var samþykkt.

Lögð var fram svo breytt tillaga um stefnu í málaflokki fatlaðs fólks:

Lagt er til að velferðarráð samþykki drög að stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fullorðins fatlaðs fólks. Stefnan mun taka við af stefnu borgarinnar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024. Stefnan varðar fullorðið fatlað fólk og þjónustu sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Stefnan tekur mið af velferðarstefnu borgarinnar, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og regluverki borgarinnar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga um aðgerðaskjal með stefnu í málaflokki fatlaðs fólks:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma aðgerðarskjali með stefnu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar.





Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins harma að ekki skuli liggja fyrir kostnaðarmetin aðgerðaáætlun. Svo sannarlega er þörf á því að Reykjavíkurborg hafi skarpa sýn í málefnum fatlaðs fólks og að skýrt sé í hvaða aðgerðir borgin ætlar að fara í sinni þjónustu við fatlað fólk. Því er gríðarlega mikilvægt að kostnaðarmat fylgi aðgerðaáætlun þannig að hægt sé að gera ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun og hægt sé að forgangsraða aðgerðum. Óábyrgt er að leggja fram ófjármagnaða aðgerðaáætlun og gefa fólki falskar vonir, því auðvitað er það algjörlega ljóst að ekkert fer í framkvæmd sem ekki er fjármagnað. Einnig má benda á að í erindisbréfi stýrihóps var verkefni hópsins að kostnaðarmeta aðgerðaáætlun, því hefði verið betra að unnið hefði verið í samræmi við erindisbréfið. Fulltrúarnir styðja stefnuna en viðra réttmætar áhyggjur hvað varðar fjármögnunarhlutann á aðgerðaáætlun og mikilvægt er að aðgerðaáætlun með kostnaðarmati sé lögð fyrir velferðarráð einu sinni á ári til samþykktar þannig að velferðarráð geti tekið afstöðu til forgangsroðunar aðgerða.

Málið er hér með sent borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samþykkt stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.

Tillaga velferðarráðs um samþykkt stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. apríl 2026.

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins um aðgerðaskjal með stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. apríl 2026.



Reykjavík, 21. apríl 2026

VEL25090041

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Stefna Reykjavíkurborgar í málaflokki fullorðins fatlaðs fólks 2026-2036

Lagt er til að velferðarráð samþykki drög að stefnu velferðarsviðs í málaflokki fullorðins fatlaðs fólks. Stefnan mun taka við af stefnu borgarinnar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024. Stefnan varðar fullorðið fatlað fólk og þjónustu sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Stefnan tekur mið af velferðarstefnu borgarinnar, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og regluverki borgarinnar. Jafnframt er lagt til að velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma í stefnunni.

Greinargerð:

Lögð er fram stefna Reykjavíkurborgar í málefnum fullorðins fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2026–2036. Stýrihópur tók til starfa í október 2025 og var markmið hópsins að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, ná fram framtíðarsýn og forgangsraða verkefnum. Stefnan tekur við af fyrri stefnu borgarinnar (2014–2024) og byggir á gildandi lögum, velferðarstefnu borgarinnar og alþjóðlegum skuldbindingum, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Stefnan er mikilvægur liður í áframhaldandi þróun þjónustu við fatlað fólk og miðar að því að efla sjálfstæði, þátttöku og lífsgæði með skýrum og markvissum aðgerðum. Stefnan var unnin í nánú samráði við hagsmunaaðila. Í stýrihópi áttu sæti fulltrúar helstu samtaka fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka, þar á meðal ÖBÍ réttindasamtök, Geðhjálp, Landssamtökin Þroskahjálp og NPA miðstöðin. Með þátttöku þeirra var leitast við að tryggja að sjónarmið og reynsla fatlaðs fólks og aðstandenda væru leiðarljós við mótun stefnunnar. Jafnframt var stefnan kynnt í opnu samráði þar sem kallað var eftir umsögnum frá almenningi og hagaðilum. Alls bárust 12 umsagnir sem stýrihópurinn fór yfir og hafði til hliðsjónar við endanlega mótun stefnunnar.

Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Lögð er áhersla á mannréttindi, jafnræði, valdeflingu og einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum.

Stefnan byggir á fimm megináherslum:



Reykjavík



1. Stuðningi sem er sveigjanlegur, faglegur og miðar að auknu sjálfstæði og þátttöku.
2. Búsetu og húsnæði sem styður sjálfsákvörðunarrétt og tryggir fjölbreytt búsetuform.
3. Sjálfstæðu lífi þar sem fatlað fólk hefur raunverulegt vald yfir eigin lífi og þjónustu.
4. Aðgengi í víðasta skilningi, bæði að umhverfi, þjónustu og upplýsingum.
5. Atvinnumálum sem stuðla að fjölbreyttum og sveigjanlegum tækifærum til vinnu og virkni.

Í stefnunni eru lagðar fram aðgerðir sem miða að því að bæta þjónustu, auka framboð húsnæðis, efla aðgengi og stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er lögð á nýtingu velferðartækni, fræðslu til starfsfólks og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök.

Jafnframt er viðurkennt að biðlistar eftir þjónustu og húsnæði séu áskorun og lögð áhersla á aðgerðir til að mæta þeim vanda. Gert er ráð fyrir að stefnunni verði fylgt eftir með aðgerðaáætlun þar sem fram koma forgangsröðun, tímasetningar og ábyrgðaraðilar.

Um aðgerðaráætlun og kostnaðarmat

Ekki er lögð fram tímasett og kostnaðarmetin aðgerðaráætlun samhliða stefnunni. Stýrihópurinn lagði áherslu á að móta heildstæða stefnu og skilgreina megináherslur og aðgerðir á stefnumarkandi stigi, fremur en að útfæra ítarlega aðgerðaráætlun á sama tíma.

Samhljómur var innan stýrihópsins um að aðgerðaáætlun ætti að taka til skemmri tíma en stefnan sjálf, sem nær yfir tíu ára tímabil. Með því móti skapast betri forsendur til að bregðast við breyttum aðstæðum, þörfum notenda og forgangsröðun.

Lagt er því til að skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma í stefnunni. Við þá vinnu verði lögð áhersla á skýra forgangsröðun, skilgreiningu ábyrgðaraðila og raunhæfa tímasetningu aðgerða, í samræmi við fjárhagsramma og þróun þjónustunnar hverju sinni.

Með þessari nálgun er tryggt að stefnan haldi stefnumarkandi gildi sínu til lengri tíma, á sama tíma og aðgerðaáætlun verður lifandi verkfæri sem hægt er að endurskoða og uppfæra reglulega í takt við þarfir og aðstæður.

Fylgiskjöl:

Drög að stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036

Erindisbréf stýrihóps um mótun stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, dags. 11. september 2025.

Stefna Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024

Framtíðarsýn, þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík



Reykjavík

Reykjavík fyrir okkur öll
Stefna Reykjavíkurborgar í
málaflokki fullorðins fatlaðs
fólks
2026-2036



Apríl 2026



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Framtíðarsýn, meginmarkmið og innleiðing	2
Áherslupættir stefnu	4
Stuðningur	4
Búseta og húsnæði	4
Sjálfstætt líf	4
Aðgengi í sinni víðustu mynd	5
Atvinnumál	5
Lokaorð.....	6
Fylgiskjöl	6
1. Erindisbréf	6
2. Stefna Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024.....	6
3. Framtíðarsýn, þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík.	6



Inngangur

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar 11. júní 2025 samþykkti ráðið að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks til næstu 10 ára. Ný stefna mun taka við af stefnu borgarinnar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024. Stefnan varðar fullorðið fatlað fólk og þjónustu sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Stefnan tekur mið af velferðarstefnu borgarinnar, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og regluverki borgarinnar. Stýrihópur tók til starfa í október 2025 og var markmið hópsins að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, ná fram framtíðarsýn og forgangsraða verkefnum. Í forgrunni væri velferðarstefna borgarinnar, lög og reglugerðir og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Helstu verkefni hópsins voru að móta stefnu sem tryggir fötluðu fólki skilyrði til sjálfstæðs lífs og samfélagsþátttöku með því að leggja fram tillögur varðandi eftirfarandi áhersluþætti: 1)Þjónustu; 2)Búsetu; 3)Sjálfstætt líf; 4)Aðgengi í sinni víðustu mynd; 5)Atvinnumál.

Hópurinn lagði áherslu á að setja fram markmið og aðgerðir á grundvelli ofangreindra fimm áhersluþátta.

Stýrihópurinn skipaðu:

Sanna Magdalena Mörtudóttir, formaður stýrihópsins

Magnea Gná Jóhannsdóttir, fulltrúi minnihluta

Alma Ýr Ingólfssdóttir, formaður ÖBÍ réttindasamtaka

Unnur Helga Óttarsdóttir/Guðmundur Ármann Pétursson, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálp

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar

Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Arne Friðrik Karlsson, verkefnastjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Starfsmaður stýrihópsins var Lára S. Baldursdóttir deildarstjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Framtíðarsýn, meginmarkmið og innleiðing

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar varðandi málaflokk fatlaðs fólks var samþykkt í velferðarráði 25. nóvember 2010 og í borgarstjórn 18. janúar 2011. Skrifstofa Reykjavíkurborgar í málaflokki fatlaðs fólks hefur unnið að þessari framtíðarsýn undanfarin 15 ár og er stefnan sem hér er fram sett byggð á henni.

Framtíðarsýnin er:

- Margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.
- Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nærumhverfi borgarbúa.
- Jafnræði í þjónustu verði tryggt.
- Víðtækt samráð verði haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar.
- Borgarbúar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað. Unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.



Stýrihópurinn leggur til að framtíðarsýnin verði endurskoðuð út frá nýrri stefnumótun, með tilliti til laga og lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna.

Markmið Reykjavíkurborgar er að tryggja að þjónusta og aðstæður fatlaðs fólks séu þannig úr garði gerðar að hver og einn geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum og geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Fatlað fólk er fjölbreyttur hópur og mikilvægt er að nálgast hvern hóp út frá sérstöðu og þörfum, þannig ávarpar stefnan engan einn hóp sérstaklega. Grundvallarnálgun í velferðarþjónustu borgarinnar er að engin tvö eru eins, leiðir til lausna og þjónustu séu þannig sniðnar að hverjum og einum. Þetta er mikilvæg nálgun í margbreytileika samfélagsins. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að mannréttindi allra hópa séu tryggð og að fatlað fólk hafi jafnt aðgengi á við aðra borgarbúa að borginni og þjónustu hennar. Með þessari stefnu er stuðlað að samfélagi þar sem fjölbreytileiki, þátttaka og sjálfstæði fatlaðs fólks eru leiðarljós í allri borgarþjónustu.

Skrifstofa um málefni fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar vinnur á grundvelli laga nr. 38/2018 um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. lög 80/2025.

Til að ná markmiðum um stuðning, þjónustu, umhverfi og aðstæður fatlaðs fólks þá leggur Reykjavíkurborg áherslu á eftirfarandi þætti í stefnunni:

- **Þjónusta**, hér eftir nefnt **stuðningur**: Stuðningur við fatlað fólk miðist við fjölbreyttar þarfir notenda sem byggist á valdeflingu, þátttöku og einstaklingsmiðaðri nálgun.
- **Búseta**, hér eftir nefnt **búseta og húsnæði**. Öll búsetuform styðji við sjálfstæði, valfrelsi og þátttöku í samfélaginu.
- **Sjálfstætt líf**: Sjálfstætt líf er grunnstef samnings Sameinu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það felur í sér inngilt líf, með áherslu á rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu með sömu valkosti til jafns við aðra, að sjálfstæði og sjálfræði sé virt ásamt frelsi til þess að taka eigin ákvarðanir.
- **Aðgengi í sinni víðustu mynd**: Til að tryggja að fatlað fólk njóti mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra þarf að vera til staðar aðgengi að samfélaginu, þjónustu, borgarrými, upplýsingum, námi og vinnu.
- **Atvinnumál**: Vinna og virkni verði fjölbreytt, sveigjanleg og taki mið af ólíkum hæfileikum, áhugasviðum og lífsstíl einstaklinga.

Stefnuinnleiðingu verður fylgt eftir með því að aðgerðarbinda stefnuna. Skrifstofa málefna fatlaðs fólks mun fylgja eftir aðgerðum stefnunnar og leggja áherslu á aðferðafræði sem felur í sér að stjórnendur og starfsfólk hafi skýrar hugmyndir um markmiðasetningu, eftirlit með framvindu stefnunnar, tengingu við fjárhagsáætlun og samþættingu á verkefnum.



Áhersluþættir stefnu

Stuðningur

Stuðningur fyrir fatlað fólk byggir á því að borgin mæti fjölbreyttum þörfum einstaklinga þar sem stutt er við sjálfstætt líf og við virka samfélagsþátttöku. Lögð er áhersla á fagmennsku í veitingu stuðnings og þjónustu með áherslu á samræmd vinnubrögð, símenntun starfsmanna og skýr gæðaviðmið. Mikilvægt er að hafa samráð við fatlað fólk við þróun þjónustu og fræðslu starfsmanna. Velferðartækni verði nýtt markvisst þar sem við á, til að auka sjálfstæði, öryggi og lífsgæði. Þróaðar verði fjölbreyttar leiðir til að rjúfa félagslega einangrun og efla tengsl, þátttöku og samfélagslega virkni. Í allri þjónustu er valdefling einstaklinga leiðarljós þar sem sjónarmið, reynsla, vilji og val móta stuðninginn.

Búseta og húsnæði

Íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Öll búsetuform styðji við sjálfsákvörðunarrétt, valfrelsi og virka þátttöku í samfélaginu. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á að tryggja nægjanlegt og fjölbreytt framboð leiguhúsnæðis fyrir fatlað fólk. Búsetuform endurspeglir ólíkar þarfir og lífsskeið með tilliti til algildrar hönnunar og óska einstaklinga og geri fólki kleift að velja búsetu á eigin forsendum. Ábyrgð og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga þarf að vera skýr varðandi lánaþyrirgreiðslu vegna kaupa á húsnæði.

Með markvissri uppbyggingu, samræmdri skipulagningu og notendanálgun í ákvarðanatöku er stuðlað að því að búseta fatlaðs fólks sé raunverulegur grundvöllur sjálfstæðs lífs, en ekki aðeins húsnæðislausn.

Sjálfstætt líf

Sjálfstætt líf er dagleg birtingarmynd þess að mannréttindi fatlaðs fólks séu virt og höfð í heiðri. Það byggir á þeirri grundvallarafstöðu að fatlað fólk sé sérfræðingar um eigið líf og eigin þarfir og hafi forystu um þær lausnir og þann stuðning sem það kýs. Hugmyndafræði sjálfstæðs lífs grundvallast á jafnræði, sjálfsákvörðunarrétti og fullri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Taka þarf tillit til fjölbreytts hóps fatlaðra og veita til þeirra einstaklinga sem á þurfa að halda viðeigandi stuðning við ákvarðanatöku og framkvæmd. Umönnunar- og góðgerðarsjónarmiðum er hafnað en áhersla lögð á að fatlað fólk hafi raunverulegt vald yfir eigin lífi, þjónustu og stuðningi. Kjarninn felst í því að þjónusta og stuðningur aðlagist einstaklingnum, en ekki einstaklingurinn að kerfum og stofnunum. Sjálfstætt líf er samþætt í alla þætti þessarar stefnumótunar og er leiðarljós við mótun þjónustu, úrræða og ákvarðana.



Aðgengi í sinni víðustu mynd

Markmið Reykjavíkurborgar er að tryggja alhliða aðgengi fyrir fatlað fólk, þannig að hugtök eins og „einangrunar-tímabilið“ sem einkennir vetrartímann og „aðgengiskvíði“ verði að sögulegu fyrirbæri. Þannig felur markmiðið í sér algilda hönnun sem gerir ráð fyrir öllum, með áherslu á að bæta umhverfið fyrir allt fólk. Borgin vinnur markvisst að því að aðstæður, þjónusta og upplýsingaveitur séu aðgengilegar og stuðli að jafnræði, virkri félagslegri þátttöku og sjálfstæðu lífi.

Rafrænt aðgengi að upplýsingum er mikilvægur lykilþáttur. Allt stafrænt efni, vefir, snjallforrit og þjónustugáttir verði hannað þannig að fatlað fólk hafi jafnan aðgang án hindrana. Aðgengi verði tryggt á öllum stigum þjónustu, í samskiptum við borgina og í almenningsrýmum, svo að fatlað fólk geti tekið þátt á eigin forsendum og án takmarkana. Aðgengisstefna og aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar 2026-2030 liggur til grundvallar stefnu um aðgengi fyrir fatlað fólk.

Atvinnumál

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að fatlað fólk hafi raunveruleg tækifæri til vinnu og virkrar þátttöku í samfélaginu, þar sem fjölbreytni og sveigjanleiki eru grundvallarþættir. Þjónusta, úrræði og stuðningur skulu taka mið af ólíkum þörfum, hæfni og áhugasviði einstaklinga, svo hver og einn geti þróað hæfileika sína og lagt sitt af mörkum á eigin forsendum.

Þátttaka fatlaðs fólks í vinnu og virkni er raunhæf ef til staðar er sveigjanleg vinna, hlutastörf, aðlögun að vinnuaðstæðum og stuðningur. Tækifæri til vinnu og virkni verði ekki bundin við eina leið eða stað, þannig næst fram markmiðið um að auka sjálfstæði, valdeflingu og samfélagslega virkni fatlaðs fólks.



Lokaorð

Stefna þessi byggir m.a. á framtíðarsýn Reykjavíkurborgar sem sett var fram fyrir 15 árum um málaflokk fatlaðs fólks. Málaflokkurinn hefur síðan þá þróast mjög í samræmi við breytt lagaumhverfi, breytta nálgun, breytta hugmyndafræði og annað þjónustustig en verið hefur. Stefnuna má endurskoða ásamt framtíðarsýn ef þörf krefur.

Biðlistar eftir þjónustu og húsnæði fyrir fullorðið fatlað fólk eru staðreynd og áhyggjuefni að biðtími getur verið langur. Stefnan felur í sér áherslu á að finna lausnir til að stytta biðtíma og mæta þörfum fólks hverju sinni.

Samhliða innleiðingu stefnunnar verður gefin út aðgerðaáætlun sem felur í sér forgangs röðun verkefna, kostnaðarmat og hvernig aðgerðir verða framkvæmdar ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í ljósi þess hversu umfangsmikil stefnan er þá var ekki unnt að setja fram tímasetta aðgerðaáætlun og kostnaðarmat samhliða stefnunni. Aðgerðir liggja fyrir en nánari útfærsla fer í vinnslu hjá skrifstofu í málaflokki fatlaðs fólks.

Fylgiskjöl

1. Erindisbréf
2. Stefna Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024.
3. Framtíðarsýn, þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík.

Aðgerðir

Hér eru settar fram aðgerðir sem byggja á áherslupáttum stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fullorðins fatlaðs fólks, sem ber yfirheitið Reykjavík fyrir okkur öll. Áherslurnar eru stuðningur, búseta og húsnæði, sjálfstætt líf, aðgengi í sinni víðustu mynd og atvinnumál.

Aðgerðaáætlun verður mótuð út frá þessum aðgerðum. Aðgerðaáætlunin verður endurmetin reglulega í samræmi við þróun og breyttar þarfir. Innleiðing á stefnumótun og eftirfylgd aðgerðaáætlunar er á ábyrgð skrifstofu í málaflokki fatlaðs fólks en samráð verður við viðeigandi aðila eftir því sem við á. Stefnan ásamt aðgerðaáætlun verður kynnt öllum sviðum borgarinnar.

Mikilvægt er að sérstök stefna, ásamt aðgerðaáætlun sem varðar fötluð börn, verði sett fram hjá öðrum sviðum Reykjavíkurborgar.

Stuðningur

Aðgerðir:

- Skrifstofa málefna fatlaðs fólks, í samvinnu við skrifstofu ráðgjafabjónustu, stofni nýja bjónustu fyrir ungt fólk með fjölbættan vanda. Um er að ræða búsetuúrræði með viðeigandi stuðningi. Skilgreina þarf vel markhópin og stuðningsþarfir hans.
- Áhersla verði á þjálfun og fræðslu starfsfólks þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið sem nýtast í vinnu með fötluðu fólki. Sérstaklega verði hugað að því að bjóða upp á rafræn námskeið sem henta vel vaktavinnufólki. Sérhæfing verði eflað með þjálfun og fræðslu svo starfsmenn geti mætt fjölbreyttum stuðningsþörfum. Lögð verði áhersla á nýliðanámskeið. Leitað verði til sérfræðinga hagsmunasamtaka um gerð fræðslu. Hugað verði að því að nýta vel jafningjafræðslu.
- Greining verði unnin á því hvernig lausnir velferðartækni geti komið sem viðbót í bjónustu við fatlað fólk. Þróunarverkefni verði unnin sem nýtast við að móta bjónustu sem byggir á velferðartækni.
- Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að gefin verði út aðstoðarmannakort á vegum opinberra stofnanna og einkaaðila sem veita aðstoðarmönnum frían aðgang að viðburðum, svo sem á söfn, í sund, í strætó o.s.frv.
- Tilraunverkefni verði unnið í samvinnu við fatlað fólk í anda valdeflingar með áherslu á að fatlað fólk verði vel upplýst um réttindi og skyldur fatlaðs fólks. Verkefnið verði síðan nýtt við þróun og framkvæmd fræðslu fyrir fatlað fólk.

Búseta og húsnæði

Aðgerðir:

- Reykjavíkurborg hafi í lok stefnutímabilsins nægjanlegt framboð af leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk þar sem fjölbreyttir húsnæðiskostir eru í boði.
- Einstaklingar á bið eftir húsnæði fái upplýsingar um stöðu sína á biðlista.
- Reykjavíkurborg stuðli að samtali við ríki, önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök þar sem fjallað er um hvaða leiðir má fara til að auðvelda fötluðu fólki að leigja eða eignast húsnæði.
- Reykjavíkurborg uppfæri uppbyggingaráætlun um húsnæði fyrir fatlað fólk og tryggt verði að uppbyggingaráætlunin sé fjármögnuð.

- Öflug stoð- og stuðningsþjónusta sé til staðar sem styður við sjálfstætt heimilishald. Þróuð verði enn frekar svokölluð færanleg teymi sem falla undir stoð- og stuðningsþjónustu, með áherslu á sérhæfingu starfsmanna til að mæta fjölbreyttum þörfum fatlaðs fólks þar sem stuðningur er sveigjanlegur og viðeigandi.

Sjálfstætt líf

Aðgerðir:

- Stuðningur við fatlað fólk sé veittur á þann hátt að hann sé aðgengilegur, sveigjanlegur og í sem mestri nálægð við einstaklinginn. Ráðgjöf er órjúfanlegur hluti af þessum stuðningi og er mikilvægt að tryggja að fatlað fólk hafi greiðan aðgang að ráðgjafa.
- Fötluðu fólki verði boðið upp á fræðslu um hugmyndafræði sjálfstæðs lífs, með áherslu á réttindi, sjálfsákvörðun og þátttöku.
- Aðstandendum fatlaðs fólks verði boðin fræðsla um hugmyndafræði sjálfstæðs lífs þar sem fjallað er um mikilvægi á samræmi í stuðningi og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins.

Aðgengi í sinni víðustu mynd

Aðgerðir:

- Aðgengi í stjórnsýsluhúsum borgarinnar og á viðburði á vegum borgarinnar sem og viðburði sem eru styrktir af borginni verði til fyrirmyndar fyrir fatlað fólk. Huga þarf m.a. að því að setja upp rampa þar sem þeir eru ekki til staðar og tryggja snjómokstur þegar þörf krefur.
- Algild hönnun verði viðhöfð í samvinnu við aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar við deiliskipulag, nýbyggingar og endurbætur á vegum borgarinnar.
- Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk sé áreiðanleg og sveigjanleg. Áhersla verði á að starfsmenn fái viðeigandi þjálfun og öryggisbúnaður í akstursþjónustubílum sé í lagi.
- Upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar verði aðgengilegar, efnið verði jafnt upplesið sem auðlesið á vefsíðu borgarinnar. Auðlesið mál verði bæði á íslensku, pólsku og ensku undir öllum undirflípum síðunnar.
- Þróaðar verði lausnir á rafrænu aðgengi. Reykjavíkurborg beiti sér í samvinnu við hagsmunasamtök fyrir því að allt fatlað fólk hafi aðgengi að heilbrigðisgáttum og fjármálaþjónustu bankastofnana. Borgin taki höndum saman við hagsmunasamtök um að þrýsta á viðkomandi ráðuneyti um að þróa lausnir sem nýtast þeim sem ekki hafa bein umráð yfir rafrænu auðkenni.

Atvinnumál

Aðgerðir:

- Uppbyggingaráætlun í vinnu og virkni verði unnin fyrir fatlað fólk með áherslu á að skilgreina hvernig borgin muni bjóða upp á ný og fjölbreytt tækifæri í vinnu og virkni. Fjármögnun uppbyggingaráætlunar verði tryggð.

- Virknimiðstöð fyrir fatlað fólk verði eflað enn frekar með áherslu á að húsakostur bjóði upp á fjölbreytta virkni. Auk þess hafi virknimiðstöðin umsjón með þróun fjölbreyttra möguleika á störfum víðsvegar í samfélaginu.
- Stofnanir borgarinnar verði hvattar til að bjóða fötluðu fólki upp á störf á starfsstöðum borgarinnar. Stjórnendur og umsjónarmenn með störfum fyrir fatlað fólk hafi aðgengi að ráðgjöf og stuðningi.
- Störfum fyrir fatlað fólk innan borgarinnar í gegnum vinnusamninga Vinnumálastofnunar verði fjölgað umtalsvert á tímabilinu 2026-2036.
- Vinnusamningar Vinnumálastofnunar verði kynntir fyrir stjórnendum borgarinnar.
- Þarfir varðandi virkni fólks með geðfötlun sem er með þjónustu á vegum borgarinnar verði greindar. Í kjölfar greiningarvinnu verði gerð áætlun um aukið framboð á virkni fyrir fólk með geðfötlun. Skoðaðir verði kostir þess að opna virknimiðstöð fyrir fólk með geðfötlun.
- Reykjavíkurborg leggi sig fram við að eiga gott samstarf við þá sem best þekkja til, með það að markmiði að efla framboð á fjölbreyttum vinnu- og virkniúrræðum fyrir fatlað fólk. Samstarfið verði við eftirtalda aðila:
 - Fatlað fólk
 - Hagsmunasamtök fatlaðs fólks
 - Vinnumálastofnun
 - Önnur sveitarfélög
 - Samtök atvinnulífsins
 - Félagasamtök
 - Sjálfseignastofnanir
- Reykjavíkurborg stuðli að samvinnu borgar, ríkis og annarra sveitarfélaga til að vinna gegn fordómum með vitundarvakningu um fatlað fólk. Áhersla verði á að efla vitund um getu og framlag fatlaðs fólks á vinnumarkaði.
- Samtal verði við önnur svið borgarinnar um að efla styrki sem nýtast fötluðu fólki. Sérstaklega má skoða:
 - Styrki sem stuðla að vitundarvakningu og fordómaleysi gagnvart fötluðu fólki.
 - Styrki sem fela í sér skilyrðingu til að efla íþróttapátttöku fatlaðs fólks í íþróttafélögum borgarinnar.



Reykjavík, 11. september 2025
VEL25090041

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun stefnu í málaflokki fatlaðs fólks

Ábyrgðarmaður:

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Inngangur:

Velferðarráð samþykkti, á fundi sínum þann 11. júní 2025 að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks til næstu 10 ára. Ný stefna taki við af stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014 – 2024 og taki mið af velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og regluverki borgarinnar.

Miklar breytingar hafa orðið í málaflokki fatlaðs fólks frá því stefna í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum var unnin árin 2013 og 2014. Alþingi fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks haustið 2016. Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 tóku gildi 2018 sem og breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Samhliða tóku gildi nýjar reglugerðir á grundvelli laga nr. 38/2018. Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks þann 20. mars 2024. Áætlunin felur í sér 60 aðgerðir til að koma í framkvæmd ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Breyttar kröfur til þjónustu kalla á breytt vinnulag og starfsþróun á sviðinu þarf að taka mið af því.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks. Stefnumótuninni er ætlað að ná fram framtíðarsýn í málaflokknum, forgangsraða verkefnum og skipuleggja þannig að velferðarstefna borgarinnar, lög og reglugerðir sem og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði í forgrunni þjónustu við fatlað fólk og í samræmi við stefnumótun ráðsins.

Helstu verkefni

Að móta stefnu sem tryggir fötluðu fólki skilyrði til sjálfstæðs lífs og fullrar samfélagsþátttöku með því að leggja fram tillögur er lúta að eftirfarandi áherslupáttum:

1. Þjónusta
2. Búseta
3. Sjálfstætt líf
4. Aðgengi í sinni víðustu mynd
5. Atvinnumál
6. Móta og kostnaðarmeta aðgerðaáætlun og forgangsraða.
7. Annað sem hópurnir telur skipta máli.

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun.



Starfsmaður stýrihópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða, skjalavistun og önnur praktísk atriði.

Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina, s.s. starfsmönnum í deild gæða og rannsókna og í fjármáladeild.

Stýrihópurinn skipa:

Sanna Magdalena Mörtudóttir, formaður stýrihóps

Magnea Gná Jóhannsdóttir, fulltrúi minnihluta

Alma Ýr Ingólfssdóttir, formaður ÖBÍ, réttindasamtaka

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpar

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar

Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Anna Kristinsdóttir, Fulltrúi mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Arne Friðrik Karlsson, verkefnastjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Starfsmaður stýrihópsins:

Lára Sigríður Baldursdóttir, deildarstjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Samráð:

Í starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi. Einnig þær stefnur sem Reykjavíkurborg hefur þegar samþykkt, s.s. velferðarstefnu, mannréttindastefnu, stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd, þjónustustefnu og upplýsingastefnu. Drög að stefnunni verði send til helstu hagsmunaaðila áður en til endanlegrar samþykktar kemur.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu september 2025 – janúar 2026.

Reykjavík, 11. september 2025

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri

Þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík

Samþykkt í velferðarráði 25. nóvember 2010 og í borgarstjórn 18. janúar 2011.

SJÁLFASTÆTT LÍF

VIRK ÞÁTTTAKA

MANNRÉTTINDI

Leiðarljós

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk.

Í því felst:

Viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum.

Jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Réttur til aðstoðar við að lifa innihaldsríku lífi.

Viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindi allra.

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar

- ◆ Margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.
- ◆ Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nærumhverfi borgarbúa.
- ◆ Jafnræði í þjónustu verði tryggt.
- ◆ Víðtækt samráð verði haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar.
- ◆ Borgarbúar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað. Unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík

Fyrirhugað er að flytja þá þjónustu og lagalegar skyldur sem svæðisskrifstofur málefna fatlaðra veita nú í umboði ríkisins til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Þetta tækifæri vill Reykjavíkurborg nýta til að bæta aðgengi og þjónustu við fatlað fólk í nærumhverfi sínu með samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að leiðarljósi. Framtíðarsýn borgarinnar byggir á því að aðstoða fólk til að lifa sjálfstæðu lífi og er áhersla lögð á mannréttindi og réttinn til þess að stýra eigin lífi.

Notendur þjónustunnar

Fatlað fólk í Reykjavík á að njóta þess að félagsleg þjónusta verði á einni hendi. Það er trú borgaryfirvalda að með tilfærslu málaflokksins verði nærþjónusta við notendur tryggð sem skapar möguleika til að bæta og efla þjónustuna og allir borgarþátttakendur sækja þá þjónustu í sínu hverfi.

Mannauður

Mikilvægt er að hæfni og þekking starfsmanna Svæðisskrifstofu flytjist til borgarinnar með tilfærslu þjónustunnar. Þannig er hægt að tryggja öryggi og áframhaldandi þróun sem byggir á reynslu og þekkingu.

Mótun framtíðarsýnar og næstu skref

Fjölmarginir hafa komið að mótun framtíðarsýnar Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk; notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk, þjónustuaðilar og fræðasamfélagið.

Ljóst er að ekki verður mikil breyting á þjónustunni fyrstu mánuðina eftir að þjónustan flyst heldur verður áhersla lögð á að tryggja að notendur finni sem minnst fyrir flutningnum. Á næstu árum verður unnið að þróun þjónustu við fatlað fólk í átt til framtíðarsýnar Reykjavíkurborgar.

Það tekur tíma að breyta áherslum en orð eru til alls fyrst og vegferðin er hafin. Leiðarljósið er að allir íbúar borgarinnar séu virkir þátttakendur í samfélaginu, hafi jöfn tækifæri og njóti innihaldsríks og sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu
við fatlað fólk á heimilum sínum
2013 - 2023



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið





Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum

Samþykkt í velferðarráði þann 3. apríl 2014 og borgarstjórn 15. apríl 2014

Með stefnu þessari markar Reykjavíkurborg leiðina 2013-2023 í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum í Reykjavík. Hún byggir á framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk sem samþykkt var í borgarstjórn 18. janúar 2011.

Stefnu þessari mun á gildistíma hennar fylgja aðgerðaráætlun sem ætlað er að færa þjónustu Reykjavíkurborgar nær framtíðarsýninni ár hvert. Unnið verður í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um þjónustu borgarinnar og í samræmi við áherslur og áætlanir borgarinnar hverju sinni.

19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallar um rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Aðildarríkin viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og með sömu valkosti og aðrir og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess greiða fyrir þessum rétti fatlaðs fólks og til fullrar þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja að:

- Fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað, hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að búa þar sem tiltekið búsetuform ríkir.
- Fatlað fólk hafi aðgang að margskonar félagsþjónustu, s.s. aðstoð inni á heimili, í búsetuúrræðum og öðrum stuðningi til samfélagsþátttöku, meðal annars persónulegan stuðning sem nauðsynlegur er til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þeirra og aðskilnað frá samfélaginu.
- Þjónusta á vegum samfélagsins og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þeirra.


Leiðarljós Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk. Í því felst:

- Viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum.
- Jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- Réttur til aðstoðar við að lifa innihaldsríku lífi.
- Viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra.

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk

- Margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.
- Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nærumhverfi borgarbúa.
- Jafnræði í þjónustu verði tryggt.
- Víðtækt samráð verði haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar.
- Borgarbúar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað. Unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.



Markmið

Markmið stefnu þessarar er að fatlað fólk fái þjónustu skv. reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu í samræmi við þarfir sínar og óskir. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð, heildstæð og sveigjanleg. Henni er ætlað styðja við sjálfstætt og innihaldsríkt líf fatlaðs fólks, á heimili og í tómstundum.

Stuðningur til sjálfstæðs lífs á eigin heimili

Aðstoð og þjónusta á heimili einstaklings skal vera á hans forsendum og byggð á óskum hans og ákvörðunum, eins og frekast er unnt. Þjónustan skal mæta þörfum sem til eru komnar vegna fötlunar og miða að því að einstaklingurinn geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og tekið þátt í samfélaginu.



Húsnæði

Fatlað fólk skal hafa val um húsnæði til jafns við aðra. Nægjanlegt framboð skal vera af sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk sem Reykjavíkurborg ber ábyrgð á. Mæta þarf þörfum fatlaðs fólks varðandi leiguhúsnæði af hálfu borgarinnar, þeim sem á þurfa að halda og velja slíkt húsnæði. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á uppbyggingu húsnæðis sem mætir sértækum þörfum fólks vegna fötlunar þeirra.

Sérstaklega verður metið hvort kostur sé að borgin bjóði upp á húsnæði sem ætlað er til skemmri tíma fyrir ungt, fatlað fólk sem er í námi eða að flytja í fyrsta sinn úr foreldrahúsum.

Þjónusta og aðstoð

Fatlað fólk skal hafa val um það hvernig þjónusta sem það þarfnast er veitt. Þjónustuleiðir skulu vera fjölbreyttar og óháðar húsnæði þar sem fatlað fólk býr, eins og kostur er.

Þjónusta og aðstoð skal byggð á hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Áhersla er lögð á virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og þörfum, sjálfræði og valdeflingu þeirra til að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum, taka ákvarðanir og bera ábyrgð í eigin lífi. Umgjörð þjónustu og aðstoðar miðar að því að tryggja rétt einstaklingsins til frelsis, athafna og upplifunar á eigin heimili og í tómsundum.

Áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu og skilning í samskiptum notenda, aðstandenda og starfsfólks á heimilum og stuðning við innihaldsrík og uppbyggileg samskipti við fjölskyldu og vini.

Sérstaklega verður mætt þörfum aldraðs fatlaðs fólks.



Gæði og samráð

Árlega meta einstaklingur og starfsfólk formlega gæði þjónustunnar sem hann nýtur á heimili sínu og ræða saman um hvernig henni verður best fyrir komið. Í framhaldi af þjónustumati skal taka ákvarðanir varðandi breytingar á stuðningi og þjónustu ef þörf krefur.



Starfsfólk

Starfsfólk sem veitir þjónustu samkvæmt stefnu þessari hefur ávallt í huga að það starfar inni á heimilum einstaklinga. Menntun, þjálfun og reynsla starfsmanna sem veita þjónustu inni á heimilum einstaklinga taki mið af hugmyndafræði um sjálfstætt líf og sé í samræmi við þjónustufarfar fatlaðs fólks og óskir þeirra. Sérstaklega er hugað að skilningi varðandi réttindagæslu, virkri umræðu, valdeflingu og fræðslu um hvernig forðast megi beitingu nauðungar.

Viðhorf, þekking, reynsla og ánægja starfsfólks hefur áhrif á gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Leitast skal við að notendur þjónustu komi að ráðningu starfsfólks, þar sem því verður við komið.

Þróun þjónustu og samráð

Lögð er áhersla á að þróa þjónustu í borginni í samráði við notendur og hagsmunasamtök þeirra í samræmi við tillögur um samráð við notendur, hagsmunasamtök og aðra hlutaðeigandi aðila í málefnum fatlaðs fólks. Leitað verður ólíkra leiða og lausna í samvinnu við notendur með mismunandi þarfir meðal annars með þróunarverkefnum. Af hálfu borgarinnar er unnið samkvæmt samþykktum hennar um samráð.

Samkvæmt erindisbréfi dagsettu 4. mars 2013 var starfshópi um stefnumótun í þróun þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum falið að móta stefnu um þróun þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum til næstu 10 ára. Starfshópin skipuðu:

Björk Vilhelmsdóttir, formaður hópsins
Páll Hjaltason, varaborgarfulltrúi
Porleifur Gunnlaugsson, fulltrúi velferðarráðs
Áslaug Friðriksdóttir, fulltrúi velferðarráðs
Sigríður Sigurjónsdóttir, fulltrúi frá Einhverfusamtökunum

Gerður Árnadóttir, fulltrúi frá Þroskahjálp
Aileen Soffía Svendsdóttir, fulltrúi frá Þroskahjálp

Eva Bjarnadóttir, fulltrúi frá Geðhjálp
Björk Agnarsdóttir, fulltrúi frá Geðhjálp
Hulda Dóra Styrmissdóttir, skrifstofustjóri á Velferðarsviði

Guðný Anna Arnþórsdóttir, fulltrúi mannaútsþjónustu Velferðarsviðs
Þóroddur Þórarinnsson, forstöðumaður á Velferðarsviði

Ásta Kristín Benediksdóttir, forstöðumaður á Velferðarsviði

Sigbrúður Katrín Eyjólfsdóttir, sérfræðingur á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Katrín Þórdís Jacobsen, verkefnastjóri á skrifstofu Velferðarsviðs og verkefnastjóri hópsins.

Á starfstíma hópsins urðu eftirfarandi breytingar á hópnum:

Eva Bjarnadóttir hætti og í hennar stað kom Linda Dögg Hólm, ráðgjafi Geðhjálpar.


Gerður Árnadóttir hætti og í hennar stað komu Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar og María Hreiðarsdóttir, fulltrúi Þroskahjálpar.

Hulda Dóra Styrmissdóttir hætti og í hennar stað kom Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri á Velferðarsviði.

Verkefni starfshópsins voru að setja fram stefnu til 10 ára um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum sem feli m.a. í sér tillögur um:

- Heildstæða og samþætta þjónustu á heimilum fatlaðs fólks, hvort sem um ræðir sjálfstæða búsetu eða sértæka.
- Stöðu og áhrif íbúa, s.s. jafnrétti, valdeflingu, notendasamráð og hjálpar til sjálfshjálpar.
- Faglega þekkingu og gæðastarf starfsmanna.
- Önnur verkefni sem skipta máli, s.s. meðferð einkafjármuna og nauðung og þvingun.





Tillaga velferðarráðs um samþykkt stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036

Lagt er til að velferðarráð samþykki drög að stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fullorðins fatlaðs fólks. Stefnan mun taka við af stefnu borgarinnar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014-2024. Stefnan varðar fullorðið fatlað fólk og þjónustu sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Stefnan tekur mið af velferðarstefnu borgarinnar, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og regluverki borgarinnar.

Greinargerð:

Lögð er fram stefna Reykjavíkurborgar í málefnum fullorðins fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2026–2036. Stýrihópur tók til starfa í október 2025 og var markmið hópsins að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, ná fram framtíðarsýn og forgangsraða verkefnum. Stefnan tekur við af fyrri stefnu borgarinnar (2014–2024) og byggir á gildandi lögum, velferðarstefnu borgarinnar og alþjóðlegum skuldbindingum, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Stefnan er mikilvægur liður í áframhaldandi þróun þjónustu við fatlað fólk og miðar að því að efla sjálfstæði, þátttöku og lífsgæði með skýrum og markvissum aðgerðum. Stefnan var unnin í nánú samráði við hagsmunaaðila. Í stýrihópi áttu sæti fulltrúar helstu samtaka fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka, þar á meðal ÖBÍ réttindasamtök, Geðhjálp, Landssamtökin Þroskahjálp og NPA miðstöðin. Með þátttöku þeirra var leitast við að tryggja að sjónarmið og reynsla fatlaðs fólks og aðstandenda væru leiðarljós við mótun stefnunnar. Jafnframt var stefnan kynnt í opnu samráði þar sem kallað var eftir umsögnum frá almenningi og hagaðilum. Alls bárust 12 umsagnir sem stýrihópurinn fór yfir og hafði til hliðsjónar við endanlega mótun stefnunnar.

Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Lögð er áhersla á mannréttindi, jafnræði, valdeflingu og einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum.

Stefnan byggir á fimm megináherslum:

1. Stuðningi sem er sveigjanlegur, faglegur og miðar að auknu sjálfstæði og þátttöku.
2. Búsetu og húsnæði sem styður sjálfsákvörðunarrétt og tryggir fjölbreytt búsetuform.
3. Sjálfstæðu lífi þar sem fatlað fólk hefur raunverulegt vald yfir eigin lífi og þjónustu.
4. Aðgengi í víðasta skilningi, bæði að umhverfi, þjónustu og upplýsingum.
5. Atvinnumálum sem stuðla að fjölbreyttum og sveigjanlegum tækifærum til vinnu og virkni.

Í stefnunni eru lagðar fram aðgerðir sem miða að því að bæta þjónustu, auka framboð húsnæðis, efla aðgengi og stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er lögð á nýtingu velferðartækni, fræðslu til starfsfólks og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök.

Jafnframt er viðurkennt að biðlistar eftir þjónustu og húsnæði séu áskorun og lögð áhersla á aðgerðir til að mæta þeim vanda. Gert er ráð fyrir að stefnunni verði fylgt eftir með aðgerðaáætlun þar sem fram koma forgangsröðun, tímasetningar og ábyrgðaraðilar.

Um aðgerðaráætlun og kostnaðarmat

Ekki er lögð fram tímasett og kostnaðarmetin aðgerðaráætlun samhliða stefnunni. Stýrihópurinn lagði áherslu á að móta heildstæða stefnu og skilgreina megináherslur og aðgerðir á stefnumarkandi stigi, fremur en að útfæra ítarlega aðgerðaráætlun á sama tíma.

Samhljómur var innan stýrihópsins um að aðgerðaáætlun ætti að taka til skemmri tíma en stefnan sjálf, sem nær yfir tíu ára tímabil. Með því móti skapast betri forsendur til að bregðast við breyttum aðstæðum, þörfum notenda og forgangsröðun.

Lagt er því til að skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma í stefnunni. Við þá vinnu verði lögð áhersla á skýra forgangsröðun, skilgreiningu ábyrgðaraðila og raunhæfa tímasetningu aðgerða, í samræmi við fjárhagsramma og þróun þjónustunnar hverju sinni.

Með þessari nálgun er tryggt að stefnan haldi stefnumarkandi gildi sínu til lengri tíma, á sama tíma og aðgerðaáætlun verður lifandi verkfæri sem hægt er að endurskoða og uppfæra reglulega í takt við þarfir og aðstæður.

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins um aðgerðaskjal með stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma aðgerðarskjali með stefnu.

Greinargerð:

Lögð er fram stefna Reykjavíkurborgar í málefnum fullorðins fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2026–2036. Stýrihópur tók til starfa í október 2025 og var markmið hópsins að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, ná fram framtíðarsýn og forgangsraða verkefnum. Stefnan tekur við af fyrri stefnu borgarinnar (2014–2024) og byggir á gildandi lögum, velferðarstefnu borgarinnar og alþjóðlegum skuldbindingum, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Stefnan er mikilvægur liður í áframhaldandi þróun þjónustu við fatlað fólk og miðar að því að efla sjálfstæði, þátttöku og lífsgæði með skýrum og markvissum aðgerðum. Stefnan var unnin í nánú samráði við hagsmunaaðila. Í stýrihópi áttu sæti fulltrúar helstu samtaka fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka, þar á meðal ÖBÍ réttindasamtök, Geðhjálp, Landssamtökin Þroskahjálp og NPA miðstöðin. Með þátttöku þeirra var leitast við að tryggja að sjónarmið og reynsla fatlaðs fólks og aðstandenda væru leiðarljós við mótun stefnunnar. Jafnframt var stefnan kynnt í opnu samráði þar sem kallað var eftir umsögnum frá almenningi og hagaðilum. Alls bárust 12 umsagnir sem stýrihópurinn fór yfir og hafði til hliðsjónar við endanlega mótun stefnunnar.

Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Lögð er áhersla á mannréttindi, jafnræði, valdeflingu og einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum.

Stefnan byggir á fimm megináherslum:

1. Stuðningi sem er sveigjanlegur, faglegur og miðar að auknu sjálfstæði og þátttöku.
2. Búsetu og húsnæði sem styður sjálfsákvörðunarrétt og tryggir fjölbreytt búsetuform.
3. Sjálfstæðu lífi þar sem fatlað fólk hefur raunverulegt vald yfir eigin lífi og þjónustu.
4. Aðgengi í víðasta skilningi, bæði að umhverfi, þjónustu og upplýsingum.
5. Atvinnumálum sem stuðla að fjölbreyttum og sveigjanlegum tækifærum til vinnu og virkni.

Í stefnunni eru lagðar fram aðgerðir sem miða að því að bæta þjónustu, auka framboð húsnæðis, efla aðgengi og stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði.

Sérstök áhersla er lögð á nýtingu velferðartækni, fræðslu til starfsfólks og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök.

Jafnframt er viðurkennt að biðlistar eftir þjónustu og húsnæði séu áskorun og lögð áhersla á aðgerðir til að mæta þeim vanda. Gert er ráð fyrir að stefnunni verði fylgt eftir með aðgerðaáætlun þar sem fram koma forgangsröðun, tímasetningar og ábyrgðaraðilar.

Um aðgerðaráætlun og kostnaðarmat

Ekki er lögð fram tímasett og kostnaðarmetin aðgerðaráætlun samhliða stefnunni. Stýrihópurinn lagði áherslu á að móta heildstæða stefnu og skilgreina megináherslur og aðgerðir á stefnumarkandi stigi, fremur en að útfæra ítarlega aðgerðaráætlun á sama tíma.

Samhljómur var innan stýrihópsins um að aðgerðaáætlun ætti að taka til skemmri tíma en stefnan sjálf, sem nær yfir tíu ára tímabil. Með því móti skapast betri forsendur til að bregðast við breyttum aðstæðum, þörfum notenda og forgangsröðun.

Lagt er því til að skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma í stefnunni. Við þá vinnu verði lögð áhersla á skýra forgangsröðun, skilgreiningu ábyrgðaraðila og raunhæfa tímasetningu aðgerða, í samræmi við fjárhagsramma og þróun þjónustunnar hverju sinni.

Með þessari nálgun er tryggt að stefnan haldi stefnumarkandi gildi sínu til lengri tíma, á sama tíma og aðgerðaáætlun verður lifandi verkfæri sem hægt er að endurskoða og uppfæra reglulega í takt við þarfir og aðstæður.